

ÁBENDING FRÁ RÍKISENDURSKOÐUN: ÍTREKUN

ENDURSKOÐA ÞARF LÖGGJÖF UM VERKEFNI UMHVERFISSTOFNUNAR

19. ÁGÚST 2011

Myndun Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun heyrir undir umhverfisráðuneyti og tók til starfa í ársbyrjun 2003 með sameiningu fjögurra ríkisstofnana: Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, embættis veiðistjóra og embættis hreindýraráðs. Markmið sameiningarinnar var að styrkja stjórnýslu á sviði umhverfismála og gera hana skilvirkari, ná faglegum ávinningi, stuðla að hagkvæmni í rekstri og auðvelda stjórnvöldum að koma stefnu sinni fram.

Stjórnýsluúttekt Ríkisendurskoðunar 2006

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar [Umhverfisstofnun – stjórnýsluúttekt](#), sem birt var árið 2006, kom fram að sameiningin hafði hvorki orðið til að styrkja stjórnýslu málaflokksins, þótt vinna við álitsgjöf og umsagnir hefði orðið einfaldari, né skilað verulegri rekstrarhagkvæmni. Þá benti fátt til þess að sameiningin hefði auðveldað stjórnvöldum að koma fram stefnumiðum sínum í umhverfismálum þótt þekking nýttist betur í sameinaðri stofnun en meðan starfsemin var dreifð í fjórum stofnunum. Að mati Ríkisendurskoðunar var ein ástæða þess að markmiðin höfðu ekki náðst betur en raun bar vitni sú að við sameininguna voru ekki sett ný lög um hlutverk og verkefni Umhverfisstofnunar. Lögum sem giltu um fyrirrennara hennar var þess í stað aðeins breytt að því marki sem nauðsynlegt var vegna sameiningarinnar sjálfrar.

Ríkisendurskoðun fylgdi skýrslu sinni eftir árið 2010 (sbr. [Eftirfylgni stjórnýsluúttekta ársins 2006](#)) og kom þá í ljós að ekki hafði verið farið að öllum ábendingum hennar. Athugun stofnunarinnar í maí 2011 leiddi hins vegar í ljós að farið hefur verið að öllum ábendingum sem beint var til Umhverfisstofnunar og fagnar Ríkisendurskoðun því. Umhverfisráðuneytið hefur framkvæmt allar ábendingar sem beint var til þess utan einnar en hún laut að nauðsyn þess að endurskoða löggjöf um Umhverfisstofnun til að samþætta betur verkefni hennar og einfalda regluverkið sem hún starfar eftir.

Ríkisendurskoðun óskaði eftir viðbrögðum umhverfisráðuneytis við þessari ábendingu. Ráðuneytið tók undir að endurskoða þyrfti gildandi lög um Umhverfisstofnun og meta hvort setja ætti sérstök lög um stofnunina og þau verkefni sem undir hana heyra.

Löggjöf um umhverfismál

Um starfsemi Umhverfisstofnunar gilda á þriðja tug laga og allt að fjögur hundruð reglugerðir. Frá myndun stofnunarinnar hafa verkefni hennar líka tekið ýmsum breytingum. Ný verkefni hafa bæst við og önnur verið færð frá stofnuninni. Nýleg lög nr. 60/2007 um Vatnajökulsþjóðgarð gera t.d. ekki ráð fyrir að Umhverfisstofnun hafi aðkomu að stjórnun og rekstri þjóðgarðsins, ólíkt því sem gildir um þjóðgarðinn Snæfellsjökul og friðlýst svæði í umsjón stofnunarinnar.

Með EES-samningnum hafa íslensk stjórnvöld skuldbundið sig til að innleiða hér á landi löggjöf Evrópusambandsins (ESB) sem varðar hinn svokallaða innri markað þess, þ.m.t. reglur um umhverfismál. Umfang umhverfislöggjafar á Íslandi hefur vaxið í takt við fjölgun reglna sambandsins á þessu sviði. Oftast eru reglugerðir ESB um umhverfismál leidd í lög með almennum stjórnýslufyrirmælum umhverfisráðherra, þ.e. reglugerðum settum í samræmi við 7. gr. EES samningsins. Lögleiðing og framkvæmd reglna um umhverfismál, einkum umhverfisvernd, geta þó einnig verið á ábyrgð annarra fagráðuneyta og er þá mikilvægt að góð samvinna sé við Umhverfisstofnun.

Niðurstöður og ábending

Á undanförnum misserum hefur umhverfisráðuneyti unnið að endurskoðun laga til að skýra stjórnýslu nokkurra málaflokka sem eru á forræði eða tengjast verkefnum Umhverfisstofnunar. Dæmi um það er endurskoðun laga um dýravernd nr. 15/1994. Auk þess er unnið að endurskoðun náttúruverndarlaga nr. 44/1999 og setningu nýrrar reglugerðar um náttúruvernd. Ríkisendurskoðun telur afar mikilvægt að þessari vinnu verði haldið áfram og henni hraðað.

RÍKISENDURSKOÐUN LEGGUR ÁHERSLU Á AÐ LÖGGJÖF UM VERKEFNI UMHVERFISSTOFNUNAR VERÐI ENDURSKOÐUÐ MEÐ ÞAÐ AÐ MARKMIÐI AÐ EINFALDA HANA. JAFNFRAM ÞARF AÐ META HVORT SETJA EIGI EIN HEILDARLÖG UM STOFNUNINA.